

Nd.

634. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er biða tjón af þeim.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Sambljóða þskj. 612 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlinum þeim, er um ræðir í 8. gr. og 9. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er lög þessi ná til, sbr. 26. gr.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlinu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar, eða eftir mati.

26. gr. hljóðar svo:

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 8.—11. gr. og viðkomandi héruðum er ekki gert að standa straum af, greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður fær síðan $\frac{2}{5}$ hluta kostnaðarins endurgreiddan, og sé því gjaldi jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærrí fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu bændur þar undanþegnir 10 auru gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.